

A 1899/UVU

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um stofnun ráðherranefndar um innviði með samgöngumál og stafvæðingu á sínu verksviði**Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún hafi forgöngu um stofnun ráðherranefndar um innviði með samgöngumál og stafvæðingu á Norðurlöndum á sínu verksviði að samgöngur á Norðurlöndum verði eins loftslagsvænar og kostur er

Bakgrunnsupplýsingar

Flokkahópur jafnaðarmanna vísar til einróma samþykktar á þinginu á Akureyri árið 2018: *Tilm. 6/2018 - Stefna í samgöngumálum á Norðurlöndum* með því markmiði að stofna ráðherranefnd um samgöngumál. Hópurinn veitir því athygli að fram að þessu hafi skort vilja hjá ríkisstjórnunum til að verða við ósk Norðurlandaráðs þrátt fyrir að hún hafi verið ítrekuð nokkrum sinnum.

Samgöngumál og stafvæðing eru miklir áhrifaþættir í allri loftslagsvinnu. Eigi okkur að takast að draga úr losun og ná markmiðum okkar í loftslagsmálum ræður formfast og metnaðarfullt samstarf á sviðinu úrslitum um hin grænu umskipti.

Þar sem samþykktin hefur ekki hlotið framgang hjá ríkisstjórnunum leggur hópurinn til að sett verði á fót ráðherranefnd um innviði með samgöngumál og stafvæðingu á Norðurlöndum á sínu verksviði og að ráðherranefndin beri einnig ábyrgð á að samgöngur á Norðurlöndum verði eins loftslagsvænar og kostur er.

Hópurinn veitir því eftirtekt að meðan á viðræðum stóð um fjárhagsáætlunargerð ársins 2022 skuldbatt ráðherranefndin sig til að halda áfram samræðum um möguleika á norrænni ráðherranefnd um samgöngumál.



Norðurlöndum, 24. janúar 2022

Anders Kronborg (S)
Anna Vikström (S)
Annette Lind (S)
Camilla Gunell (ÅSD)
Doris J. Jensen (S)
Emilia Töyrä (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Lindh (S)
Eveliina Heinäluoma (sd)
Gunilla Carlsson (S)
Heidi Viljanen (sd)
Henrik Møller (S)
Johan Andersson (S)

Jorodd Asphjell (A)
Karianne B. Bråthen (A)
Kim Berg (sd)
Lars Mejern Larsson (S)
Maria Stenberg (S)
May Britt Lagesen (A)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Per-Arne Håkansson (S)
Stein Erik Lauvås (A)
Tove Elise Madland (A)
Truls Vasvik (A)
Åsa Karlsson (S)